

AUGLÝSING**um umferð á Flateyri.**

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Flateyrarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er eftirfarandi ákveðið:

Einstefnuakstur skal vera á Bárugötu frá Brimnesvegi að Grundarstíg.

31. desember 1984.

Lögreglustjórinn á Flateyri.

Pétur Kr. Hafstein.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar n.k. til 31. ágúst 1985.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar n.k. til 31. ágúst 1985:

Vélskelflett rækja:**Færri en 350 st. í lb.:**

	SDR pr. lb. cif.
Blokkfryst	2,912
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,912
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,052
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,391
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,556

Fleiri en 350 st. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst	2,783
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,783
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,912
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,228
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,391

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðlagsgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hræfnisverði verði sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1984.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.